

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík,
föstudaginn 31. janúar 2014, kl. 10 til 12.

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís), formaður nefndarinnar
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Hulda Proppé frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís)
- Joan Nymand Larsen frá [Háskólanum á Akureyri](#)
- Jórunn Harðardóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (SVS)
- Gísli Pálsson frá [Háskóla Íslands](#) (HÍ)

og að auki:

- Atli Már Sigurðsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Þorsteinn Ingólfsson frá alþjóða- og öryggisviði [utanríkisráðuneytisins](#), sendiherra Íslands í málefnum Norðurslóða (SAO - Senior Arctic Official)
- Tómas Orri Ragnarsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Guðmundur Magnússon frá [Arctic Portal](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Fjarverandi voru: María Harðardóttir og Þóroddur Sveinsson.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Utanríkisráðuneytið og norðurslóðasamstarf
2. Helstu mál á vettvangi Norðurskautsráðsins
3. Norðurslóðadagur 2013
4. Vísindadagar á Grænlandi 2014
5. Aðkoma Háskóla Íslands að SUMN og nýtt átaksverkefni skólans í málefnum norðurslóða
6. Nansen prófessor við Háskólann á Akureyri, Astrid E.J. Ogilvie
7. Vísindasamstarf við Kína (viðhengi og skráningarsíða https://events.artegis.com/event/Chinese_Nordic_Symposium2014 í fundarboði)
8. Fréttir frá stofnunum, önnur mál

Þorsteinn Gunnarsson setti fundinn og sagði tvo gesti koma á fundinn; Astrid Ogilvie og Egill Þór Níelsson.

1. Utanríkisráðuneytið og norðurslóðasamstarf

Þorsteinn Ingólfsson byrjaði á að nefna niðurskurð sem vofir yfir starfsmannahaldi í stjórnarráðinu á næstu vikum. - Utanríkisráðherra tók þátt í fjölsótttri ráðstefnu, [Arctic Frontiers](#), í Tromsø, ásamt fleiri norrænum ráðherrum. – Ráðherra fór í heimsókn til Akureyrar fyrr í mánuðinum sem heppnaðist vel. - Atli sagði frá [samstarfssamningi sem undirritaður var við Fulbright](#) um samvinnu á sviði norðurslóðafræða. Hugsanlegt að fyrsti fræðimaður komi á næsta ári. - Í næstu viku verður undirbúningsfundur vegna ráðstefnu sem verður á Akureyri í október 2014 og kallast Gender Equality in the Arctic. Ísland leiðir verkefnið ásamt Noregi, Finnlandi og Færeyjum, og utanríkisráðuneytið vinnur að undirbúningi ásamt Jafnréttisstofu, SVS og öðrum stofnunum innanlands sem og í öðrum norðurskautsríkjum. Á undirbúningsfundinum verður rætt um efni

ráðstefnunnar, mögulega boðsgesti og fræðimenn. – Tómas Orri sagði frá fundi í nýrri íslenski ráðherranefnd um málefni norðurslóða sem fram fór 14. janúar sl. Stærsta mál nefndarinnar er með hverjum hætti á að fást við stefnumótun og áherslur.

2. Helstu mál á vettvangi Norðurskautsráðsins

Þorsteinn Ingólfsson sagði helst þess að geta að í Tromsø (Arctic Frontiers) mættu flestir kollega hans og haldinn var fundur SAOa hjá Magnúsi Jóhannssyni. Viðskiptaráðið sem er í bígerð var til umræðu, helst vegna vanda að hálfu BNA og tengingu þeirra við Norðurskautsráðið. Viðskiptaráðið er s.s. ekki komið á leiðarenda enn. – Fyrsti fundur vísindanefndar (The Arctic Council's Scientific Cooperation Task Force) var haldinn í Stokkhólmi í desember sl. Þorsteinn sagði að spurt hefði verið hvort hægt væri að halda fund á Íslandi í haust, kannski samliggjandi Arctic Circle. – Einnig sagði Atli frá fyrsta fundi í vinnuhópi um varnir í olíumengun (Task Force on Arctic Marine Oil Pollution Prevention) sem fram fór 16.-17. janúar sl. og sátu þeir Helgi Jensson fundinn. Næsti fundur verður í mars og þá verður ákveðið hvaða leið á að fara. Mjög mikilvægt fyrir Ísland hvernig þessi samningur verður. – Atli sagði að 17.-19. febrúar nk. verði í Reykjavík fundur frumbyggjasamtaka.

3. Norðurslóðadagur 2013

Norðurslóðadagurinn var haldinn 14. nóvember 2103 í fundarsal Hafrannsóknastofnunar. Ágætis mæting var og erindin fjölbreytt.

4. Vísindadagar á Grænlandi 2014

Vísindadagar voru í Nuuk á Grænlandi 2012. Þeir heppnuðust vel og gáfu tilefni til að endurtaka hann. Jón Haukur Ingimundarson sagði stuttlega frá þeim og framhaldinu, sem verður vonandi annað hvort ár. Hægt væri að byggja á reynslu þessara fyrstu vísindadaga og nú er komin aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk sem er mjög jákvætt. Jón Haukur gerði sér ekki grein fyrir hversu margar íslenskar stofnanir myndu taka þátt árið 2014. Fram kom að mikið væri um að vera á þessu sviði og spurt hvort komið væri of mikið af því? Skipulagning er töluvert mál og ekki hafin þar sem óvissa ríkir varðandi fjármál og þátttöku. Tillaga kom fram um að halda þetta vorið 2015, sú tímasetning myndi fá fleiri þátttakendur. Veður á Grænlandi að hausti eru válynd, vorið öruggara. Fundargestir tóku vel í þessa tillögu, lítið svigrúm væri hjá stofnunum til að taka þátt á þessu ári. Koma þarf hugmyndinni til þeirra sem gera áætlanir hjá stofnunum í tíma. Þorsteinn Gunnarsson stakk upp á að Jón Haukur og Embla Eir mynduðu undirbúningshóp. Uppástunga um að formlegt bréf (frá ÞG) verði sent forstöðumönnum stofnana um þetta mál. – Niels benti á að þetta eru grænlenk/íslenskir vísindadagar og að mikil þörf væri á auknu sambandi við Grænlandinga. Skoða mætti hvort íslenskir styrktaraðilar væru til í að taka þátt. Stungið var upp á ALCOA. – Þorsteinn Ingólfsson minnti á hina nýju aðalræðisskrifstofu í Nuuk, að undirbúningshópurinn hefði samband við aðalræðismanninn, Pétur Ásgeirsson, við undirbúning vísindadaganna. Maí 2015 var nefndur sem hentugur mánuður.

5. Aðkoma Háskóla Íslands að SUMN og nýtt átaksverkefni skólans í málefnum norðurslóða

Gísli Pálsson sagði frá umræðu innan HÍ um aðkomu skólans að norðurslóðamálum yfirleitt. Gætt hefur óánægju í HÍ vegna þess að skólinn sinni ekki nægilega málefniinu eins og honum ber skylda til, skortur sé á samhæfingu og mikilvægt að gera rannsóknir skólans sýnilegri. Rektor hefur ákveðið að efna til átaksverkefnis undir stjórn Brynhildar Davíðsdóttur, dósents við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs og Líf- og umhverfisvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Komið hefur verið á fót [Rannsóknasetri um norðurslóðir](#), forstöðumaður þess er Kristinn Schram. Átaksverkefnið er stærra og markmiðið að auka sýnileika HÍ í kennslu og samþættum rannsóknum á sviði norðurslóðamálefna. Starfsemi átaksverkefnisins er í mótun og verður kynnt síðar. Fundarmenn lýstu ánægju með þessar upplýsingar, mikilvægt væri að Háskóli Íslands tæki fullan þátt í samstarfinu bæði á vettvangi SUMN og annars staðar.

Embla Eir sagði Brynhildi hafa áhuga á að vera með í Norðurslóðanetinu. Allir þurfi að líta í eigin barm, það væri visst hökt á upplýsingaflæði í allar áttir.

6. Nansen prófessor við Háskólann á Akureyri, Astrid E.J. Ogilvie

Astrid lýsti ánægju sinni með að vera komin til Akureyrar og háskólans. Áhugi á veðurfarabreytingum hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum, en þetta er efni sem hefur átt hug hennar í mjög langan tíma, sérstaklega veðurfar og samfélag á Íslandi. Astrid sagði frá verkefnum sem hún stefnir að, m.a. rannsókn á breytingum við Mývatn. Mikilvægast er þó verkefni sem hún vinnur að með Nielsi Einarssyni og 15 öðrum og kallast Impacts of future sea ice and snow cover changes on climate green growth and society (GREENICE). Það er styrkt af [NordForsk](#). Þau Niels skoða breytingar í strandhéruðum á Íslandi, Grænlandi og Noregi.

Astrid mun kenna námskeið í [sumarskólanum í Svartárkoti](#) í ágúst 2014. Hún benti á að hún hefur unnið mikið með íslenskum vísindamönnum og verið í Noregi sl. tvö ár og aflað sér góðra tengsla við samstarfsfólk þar, sérstaklega í [Framsenteret](#) í Tromsø.

7. Vísindasamstarf við Kína

Norræn kínversk ráðstefna verður á Akureyri ([Norður og austur mætast/North Meets East](#)) í júní 2014. Tvær svipaðar ráðstefnur hafa verið haldnar á Íslandi (2011 og 2012) og ein í Shanghai 2013. Ákveðið að útvíkka samstarfið til hinna Norðurlandanna, sem sýna þessu mikinn áhuga. Þess má geta að Kínversk-norræna norðurslóðamiðstöðin (China-Nordic Arctic Research Center (CNARC)) var stofnuð í desember 2013 af 10 stofnunum frá Kína og Norðurlöndunum. Þessi ráðstefna er [fyrsta verkefni](#) þessarar nýju stofnunar. Frestur til að skila tillögum að erindum er til 7. mars 2014. Umfjöllunarefni verða mjög fjölbreytt, helst þó á sviði félagsvísinda.

Þorsteinn bauð Egil Þór Niésson, sem er gistifræðimaður hjá [Polar Research Institute of China](#) (PRIC) og starfar einnig hjá CNARC, velkominn á fundinn. Benti hann á, varðandi umræðuna um upplýsingaflæði hér á undan, að í Kína er enn flóknara að samhæfa og miðla upplýsingum en á Íslandi. Egill sagði meginverkefni nýju Kínversk-norræna norðurslóðamiðstöðvarinnar að veita rannsóknastyrki (þrjú flokkar) til vísindamanna til að fara til Kína og til kínverskra vísindamanna að fara til Norðurlandanna. Heimskautastofnun Kína (PRIC) veitir fjármagn fyrsta árið. Styrkirnir verða auglýstir í mars.

8. Fréttir frá stofnunum, önnur mál

Joan (HA og SVS) sagði frá „for“ kynningu á Arctic Human Development Report 2 (AHDR2) á International Congress of Arctic Social Sciences í Prince George í maí, en opinberlega verður skýrslan kynnt í Kanada í haust á fundi Arctic Council, sennilega í september. - Hún sagði að hún og Jón Haukur hefðu lagt inn umsókn í Arctic Cooperation Program Norræna ráðherranefndarinnar um styrk „to do a series of dissemination and outreach events, that would take the form of community consultations or action forum or townhall meetings in strategic areas growth in the Arctic“. Ef það gengur í gegn, mun einn fundur verða á Grænlandi og vonandi annar á Íslandi. - Einnig nefndi hún kynningu á Polar Regions kaflanum í [The IPCC Fifth Assessment Report](#) á fundi sem Joan tekur þátt í í Yokohama seint í maí. – Joan var á Arctic Frontiers ráðstefnunni og öðrum fundum í Noregi; var þar af World Reindeer Herders Association beðin um IPCC kynningu á Polar Regions kaflanum fyrir innfædda í Kautokeino og hefur tillagan verið send til IPCC.

Héðinn sagði að Hafró hefði verið í samræðum við HÍ um ráðningu prófessors í haffræði, með sérstöku tilliti til norðurslóðarannsókna. Verið er að fara yfir umsóknir.

Tom Barry hjá CAFF benti á [Arctic Biodiversity Congress](#) sem verður í Þrándheimi, Noregi í desember 2014.

Jórunn hjá Veðurstofunni sagði að í nóvember 2013 hefðu verið haldnir tveir mjög vel heppnaðir fjölþjóðlegir vinnufundir á Veðurstofu Íslands sem báðir snéru að norðurslóðarannsóknum. Fjölmenntu fundarmenn seinni fundarins á móttöku Norðurslóðadagsins þann. 14. nóvember, auk þess sem einn fundarmanna, Edward Hanna, hélt erindi um „Aspects and Impacts of Arctic Climate Change 1900-2013“. Nánari lýsingu af fundunum:

11.–12. nóvember 2013 var vinnufundur [IASC](#), Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar: Arctic Data Rescue, Citizen-Science, and Collaborative Research. Meginefni fundarins var endurheimt gagna frá

norðurslóðum, fjöldavísindi og rannsóknasamvinna. Áherslan var lögð á snjóflóðaspá Veðurstofunnar og leiðir til þess að miðla upplýsingum, reynslu og þekkingu milli fagaðila.

13.–15. nóvember 2013 var fundur [Northern Hemisphere Polar Jet Stream and Links with Arctic Climate Change](#) - um áhrif aukins varmaflæðis í norðurhögum á bylgju- og þykktarmynstur norðurhvels vegna rýrari íss og minni snjóhulu á meginlöndunum að vori og snemmsumars. Heimskautaröst norðurhvels og tengsl hennar við veðurfarsbreytingar á norðurslóðum.

Í janúar 2014 voru tveir aðrir alþjóðlegir fundir tengdir norðurslóðamálefnum haldnir á Veðurstofunni. Annars vegar var það fundur innan Interim Advisory Group í [Global Cryosphere Watch](#) (GCW), sem er framtak samþykkt innan Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar (WMO) sem er nú í undirbúningsfasa. Eitt af hlutverkum GCW er að aðstoða við öflun jöklagagna og setja fram áreiðanleg og skýr gögn, upplýsingar og greiningar á ástandi freðhvöls í fortíð, nútíð og framtíð. Hins vegar var haldinn þriggja daga [Cryonet](#) fundur, en Cryonet er vinnuhópur GCW sem ætlað er að móta áætlanir um skipulag og samræmingu jöklamælinga til framtíðar á vegum vettvangsins. Rætt var m.a. um tegundir stöðva og val á jöklamælingastöðvum fyrir Cryonet, stöðlun mælinga, gagnasöfn og vefgáttir. Báðir fundirnir tókust vel og var almenn ánægja með framgang verkefnanna.

Unnið er núna á fullu við tengslamyndum og umsóknarskrif vegna alþjóðlegra rannsóknaráætla. Margar umsóknanna snúa að norðurlóðamálefnum á einn eða annan hátt, t.a.m. varðandi jökla- og vatnafræði, loftslagsbreytingar, umhverfismál og náttúruvá.

Jórunn sagði að lokum að skrifað hefði verið undir samning við austurríska aðila, alpS, um frekari leysimælingar (LIDAR) á íslenskum jöklum á árinu 2014. Á síðasta ári var lokið við að mæla stærstu jökla landsins innan samstarfsverkefnis sem leitt hefur verið af VÍ, en auk VÍ hafa Háskóli Íslands, Landmælingar, Landsvirkjun, Norden Klima&Luft Vatnajökulspjóðgarður, Vegagerðin og Vinir Vatnajökuls, lagt fjármagn eða vinnu inn í verkefnið.

Næsti fundur SUMN verður haldinn **föstudaginn 14. mars 2014, kl. 16-18**. Þá, fyrr um daginn, er fyrirhugaður vinnufundur fyrirtækja og fræðimanna um Ísland á norðurslóðum á Akureyri.

Fundi slitið.
